

verjanda við yfirdóminn, málfærslumannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 11. febrúarmán.

Nr. 47/1906:

Réttvísinn

gegn

Samúel Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, upp-
kveðnum 23. okt. f. á var hinn ákærði Samúel járn-
smiður Guðmundsson í Reykjavík samkvæmt 171. gr.
hegningarlaganna sbr. við 47. gr. þeirra, dæmdur til að sæta
8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af mál-
inu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin
málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði Eggerts Claes-
sen yfirréttarmálaflutningsmanns 8 krónur. En þessum
dómi er eftir beiðni ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn 24. ágúst f. á. kom ákærði nokkuð drukkin
á heimili Jóhanns Árnasonar húsmanns í Hverfisgötu
í Reykjavík. Jóhann var ekki heima, en kona hans var
við og vinnukona og dóttir þeirra hjóna Jóhanna, 23 ára
gömul. Fekk ákærði því framengt, að Jóhanna færi út
með honum, og þóttist hann ætla að fara með hana

inn á greiðasöluhúsið Norðurpól, nokkru austar við Hverfisgötu, og gefa henni þar súkkuladi og límónaði. En í stað þess fór ákærði með stúlkuna upp í Skólavörðuholtið, sunnan við Skólavörðustíg, og settust þau þar í holtinu, en á leiðinni hafði hann keypt 1 fl. af ákavíti og haft með sér. Þegar móðir Jóhönnu skömmu síðar frétti að ákærði hefði farið aðra leið með stúlkuna en ætlað var, grunaði hana að hann myndi ætla að misbjóða henni og fór að leita þeirra ásamt vinnukonu sinni, og komu þær þá að ákærða og Jóhönnu í Skólavörðuholtinu, þar sem ákærði lá ofan á Jóhönnu og var að eiga holdlegt samræði við hana, en stúlkan var meðvitundarlaus af vinnautn. Stúlkan var svo borin heim og raknaði ekki við fyr en næsta morgun.

Jóhanna hefir verið flogaveik í síðustu 4 ár og biluð á geðsmunum, en hefir þó nokkra hugmynd um samfarir milli karls og konu. Ákærði hefir kannast við það, að hann hafi gefið stúlkunni af ákavítinu sem hann keypti, en það hafi verið eftir beiðni hennar, sem er mjög sólgin í áfengi, og hafi hún náð í flöskuna aftur hjá sér og drukkið meira en hann ætlaðist til, og hafi hún af því orðið út úr drukkin. Ákærði hefir einnig kannast við það, að hann hafi byrjað að hafa samræði við stúlkuna en hún hafi þá verið með fullu ráði og veitt samþykki sitt til þess, en þá hafi hún alt í einu orðið magnlaus og meðvitundarlaus af því að vinið sveif þá á hana, og hafi hann þá hætt að eiga við hana og myndi hafa gjört það eins þó að móðir hennar hefði ekki einmitt þá komið að honum.

Nokkru áður en ákærði fór að eiga við stúlkuna reyndi hann að fá mann nokkurn, er hann náði í á

Skólavörðuveginum, að hjálpa sér til að koma stúlkunni heim, og sagði hann honum að hún væri full; leit maðurinn lauslega á stúlkuna og sá að hún lá þar hreyfingarlaus og eins og sofandi eða meðvitundarlaus; en hann vildi ekkert liðsinni veita ákærða og fór leiðar sinnar. Af þessu atviki, að ákærði leitaði hjálpar til að koma stúlkunni heim, má ráða það, að hann þá hefir eigi haft þann ásetning, að komast yfir hana í því ástandi er hún var í, en það virðist einnig sýnt með því, að ákærði eigi þóttist þá einfær um að koma henni heim, að vinið hafi þá þegar verið svifið svo á hana, að hún hafi verið orðin magnlaus og meðvitundarlaus, og það verður því ekki tekið trúanlegt, er ákærði hefir viljað halda því fram, að hún hafi þá enn verið með fullu ráði og rænu og getað gefið leyfi til samræðisins eða staðið á móti því, og þar sem ákærði samt sem áður fór að reyna samræði við stúlkuna, hefir hann gjörst sekur samkvæmt 171. gr. hegningarlaganna.

Það er eigi sannað í málinu, að Jóhanna hafi áður haft samræði við karlmann, og þó að vitni hafi borið það, að hún hafi sótt eftir karlmönnum, þar á meðal ákærða, verður eigi sagt að óorð hafi verið á henni, með því að stúlkan var mjög veik á sálu, en veikindi hennar lýstu sér meðal annars í óseðjandi löngun í ölföng og tóbak, og er þá eðlilegt að ásókn hennar eftir karlmönnum hafi einnig átt rót sína í sjúkdómnum.

Ákærði var töluvert drukkinn, er hann framdi brot sitt, og þykir ástæða til að taka tillit til þess, er refsingin er ákveðin. Hann er kominn langt yfir lögdur sakamanna og hefir eigi sætt refsingu fyrir nokkurn glæp. Afbrot hans er af undirdómaranum réttilega heim-

fært undir 171. gr. alm. hegningarlaga, síðari málslið, sbr. 47. gr. þeirra, og þykir hegning hans hæfilega ákveðin með hliðsjón til 40. gr. sömu laga 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn óraskaður að vera. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Samúel Guðmundsson járnsmiður sæti 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn óraskaður að vera. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúarmán.

Nr. 55/1906:

Réttvísing

gegn

Jóni Einarssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 24. nóvbr. f. á. var hinn ákærði sjómaður